



Spáum því að verðbólga aukist milli mánaða og verði 7,6% í maí

Hagstofan birtir málmælingu vísitölu neysluverðs (VNV) mánudaginn 30. maí. Við spáum tæplega 0,8% hækkun vísitölnunnar milli apríl og maí. Gangi spáin eftir fer 12 mánaða verðbólga úr 7,2% í 7,6%. Við spáum því að verðbólgan muni halda áfram að aukast fram í ágúst þegar við gerum ráð fyrir að hún toppi í 8,2%. Upp frá því gerum við ráð fyrir hægri hjöðnun verðbólgunnar. Við spáum því að verðbólga án húsnæðis haldi einnig áfram að aukast og að hún fari hæst í 6,2% í ágúst áður en hún hjaðnar á ný.

Þeir liðir sem vega langmest til hækkunar verðlags milli apríl og maí eru annars vegar matur og drykkur og hins vegar reiknuð húsaleiga. Áhrif þessara liða eru samtals 0,57% af heildarhækkun vísitölnunnar upp á 0,78%. Samkvæmt verðkönnun okkar hækkaði bensínverð um 2,2% og eru áhrif þess til hækkunar VNV 0,08%.


Flugfargjöld virðast komin á sama feril og fyrir faraldur

Árstíðarsveiflumynstrið í flugfargjöldum gufaði upp í faraldrinum en miðað við fyrstu 4 mánuði ársins hafa verðbreytingar milli mánaða verið með mjög sambærilegum hætti og 2019, síðasta árið fyrir faraldur. Við gerum ráð fyrir að verðbreytingar það sem eftir lifir árs muni fylgja árstíðarsveiflu ársins 2019 náði eftir, þó þannig að verðið hækki nokkuð yfir árið, meðal annars vegna herra olíuverðs og meiri eftirspurnar.

Verðhækkunir á húsnæði munu minnka

Reiknuð húsaleiga hækkaði um 2,4% milli mánaða í apríl sem er mesta hækkun hennar síðan í apríl í fyrra þegar hún mældist 2,5%. Verðhækkunir á húsnæði hafa verið miklar undanfarna mánuði en við teljum að það fari að koma að þeim tímum þar sem draga muni úr þessum hækkunum. Við spáum því að verð á húsnæði á landsvísi hækki um 2,3% milli mánaða í maí samkvæmt mælingum Hagstofunnar. Hagstofan mælir verðbreytingar á milli mánaða á annan hátt en Þjóðskrá en Hagstofan horfir á breytingu milli mánaða á 3 mánaða hlaupandi meðaltali. Á næstu mánuðum spáum við síðan minni hækkunum og að þær verði

Undirliður	Vægi í VNV	Spá	
		Breyting	Áhrif
Matur og drykkjarv.	15.1%	1.20%	0.18%
Áfengi og tóbak	2.5%	0.07%	0.00%
Föt og skór	3.5%	0.46%	0.02%
Húsn. án reikn. húsaleigu	10.4%	0.24%	0.02%
Reiknuð húsaleiga	18.9%	2.04%	0.39%
Húsgögn og heimilisb.	6.5%	0.00%	0.00%
Heilsa	3.8%	0.18%	0.01%
Ferðir og flutningar (annað)	4.1%	0.75%	0.03%
Kaup ökutækja	6.0%	-0.06%	0.00%
Bensín og díselolía	3.6%	2.20%	0.08%
Flugfargjöld til útlanda	1.7%	-6.85%	-0.11%
Póstur og sími	1.7%	1.10%	0.02%
Tómst. og menning	9.4%	0.41%	0.04%
Menntun	0.7%	0.00%	0.00%
Hótel og veitingast.	4.9%	1.50%	0.07%
Aðrar vörur og þjónusta	7.1%	0.50%	0.04%
Alls	100%		0.78%





komnar undir 1% í september. Við teljum að fasteignaverð ásamt hækkunum í mat og drykk muni bera uppi hækkunir á almennu verðlagi á næstu mánuðum.


Miklar hækkunir á matarkörfunni hér heima og erlendis

Verðhækkunir á mat og drykk hafa verið miklar erlendis að undanfögnu. Mikil hækkun á hrávöruverði og hækkandi flutningskostnaður eiga þar stóran hlut að máli. Sé litið til stærstu viðskiptalanda okkar mældist 4,3% verðhækkun á mat og drykk á 12 mánaða grundvelli á Norðurlöndunum í mars. Þar skar Noregur sig verulega frá en verðið þar hefur ekkert hækkað síðustu 12 mánuði. Meðaltalið hjá Norðurlöndunum án Noregs var 5,8%. 12 mánaða hækkun á mat og drykk í stóru hagkerfunum í Vestur-Evrópu¹ var að meðaltali 5,5% á sama tíma og mældist hækkunin 10% í Bandaríkjunum. Hér á landi var hækkunin 5%. Þar hefur styrking krónunnar unnið með okkur en evran hefur lækkað um 7% í verði gagnvart krónu milli mars á þessu ári og mars í fyrra. Á fyrstu þremur mánuðum ársins urðu miklar verðhækkunir og til að gefa mynd af umfangi þeirra má setja þær upp á verðhækkun á ársgrundvelli. Verðhækkunin var mest á Norðurlöndum, 19,6%, en þar á eftir komu Bandaríkin með 17,6% og stóru Evrópuríkin með 11,1%. Hér á landi nam verðhækkunin 11,2%.


Óvissan um verðbólguþróun á næstunni er mikil

Þetta eru sögulegir tímar hvað verðbólgu varðar í heiminum enda eru víða áratugir frá því að verðbólga mældist jafn mikil. Þróunin hefur aukið verulega óvissuna um verðbólguþróunina fram á við bæði hér heima og erlendis. Mikil óvissa um verðbólguþróun erlendis eykur verðbólguóvissuna hér á landi en ef spá okkar um styrkingu krónunnar það sem eftir lifir árs gengur eftir mun það styðja við hjöðnun verðbólgunnar.

Verðhækkunir á húsnæði á landsvísi 2022 og spá



Verðhækkunir á mat og drykk í mars



¹ Bretland, Spánn, Þýskaland, Ítalía og Frakkland.



Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsfólki Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsfólks Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptavina, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.